

BORGARRÁÐ 15. febrúar 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um uppsagnir, niðurlagningu starfa og andrúmsloft á þjónustu- og nýsköpunarsviði - MSS24020089

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um fjölda starfa sem hafa verið lögð niður á þjónustu- og nýsköpunarsviði að undanfögnu og hvort og þá hvernig aðstoð hinir brottreknu starfsmenn af sviðinu eru að fá. Einnig er óskað upplýsinga um hvernig er unnið með andrúmsloftið á sviðinu í kjölfar svo umfangsmikilla starfsmannabreytinga. Hefur einhverjum starfsmönnum á sviðinu verið sagt upp á meðan viðkomandi var í veikindaleyfi? Hefur trúnaðarmanni tölvunarfræðinga verið sagt upp?